

ÁÁH-2018-02 - Skútulægi í Norðurfirði

Verkefnið snýr að því að setja út átta legufæri sem skútur geta lagst við og bjóða þannig upp á nýja þjónustu við skútusiglingafólk sem kemur í Norðurfjörð. Hvert legufæri er hannað á þann hátt að skútur allt að 50 fetum geta á öruggan hátt legið þar og skipverjar geta farið í land og skilið bátinn eftir. Hvert legufæri samanstendur af lóði sem situr á botninum, taug frá lóðinu í belg og tveimur grenni tógum sem báturinn er bundinn við. Baujurnar verða staðsettar útaf höfninni í Norðurfirði á um 10-12 m dýpi. Þjónustan yrði auglýst á vefsvæði Cruicing Association, sem eru alþjóðleg samtök skútsiglingafólks með höfuðstöðvar í London.

Verkefnið er áhugavert og góð viðbót við skútumenningu staðarins ásamt því að það styrkir ferðaþjónustu á svæðinu. Verkefnið er umhverfisvænt og með tilkomu þess minnkar skaði á hafsbotni og lífríki þar vegna akkera. Verkefnisstjórnin vill koma þeim tilmælum á framfæri við umsækjanda að skoða mögulega á að setja staðsetningarkerki á legufærin.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.

